

TÍÐINDI UM VELENJE

Velenje er ungur, nútímalegur evrópskur bær með nútímalegum arkitektúr og vaxandi fjölmenningu. Á 13. öld var fyrst minnst á Velenje sem markaðsstað en uppvöxtur bæjarins fór á skrið eftir síðari heimstyrjöldina. Þann 20. september árið 1959 var nýbyggður miðbærinn svo opnaður við hátíðlega athöfn. Í dag er Velenje einnig bæjarfélag sem samanstendur af 25 byggðum þar sem búa um 33.000 manns og þar af u.þ.b. 25.000 í bænum sjálfum. Velenje er ein mikilvægasta efnahagsmiðstöð Slóveníu auk þess að vera miðstöð atvinnu-, stjórnsýslu- og menntamála Savinja-Šalek héraðsins. Stoðirnar í efnahagsþróun Velenje eru m.a. kolanám, orkugeirinn, málmvinnsla, ýmis sérhæfð þjónusta og núna upp á síðkastið einnig ferðaþjónusta. Velenje býr yfir vel viðhöldnum innviðum og þegar kemur að ferðamálum hefur bærinn hlotið fjölmörg verðlaun, bæði á innlendum sem erlendum vettvangi. Náttúra í bænum (390m hæð yfir sjávarmáli - Tito-torg) og í nágrenni við hann er sýnileg og auðvelt er að nálgast hana. Þar má nefna bæjargarða, skóglendi, vötn, göngu-, hjóla- og fjallaleiðir. Nútímaleg íþróttamannvirki, menningarstofnanir, söfn, menntastofnanir og fjölmörg samtök, klúbbar og skapandi einstaklingar setja svip sinn á lífið í bænum. Bærinn Velenje er þekktur fyrir margar íþróttir, afþreyingar, ferðaþjónustu og menningarviðburði. Þetta er bær tónlistar, dans, ljóða og blómstrandi hugmynda. Mörg áberandi nöfn munu skrifa sögu Velenje. Þekktir hagfræðingar, vísindamenn, listamenn, íþróttafólk, stjórnálamenn o.fl. koma frá Velenje. Velenje er bær menningarlegra minnismerkja sem einkennist af náttúrufegurð og sérstaklega viðburðum og fólki sem bíður ykkar af mikilli eftirvæntingu. – *Nýir og gamlir vinir, verið velkomnir til Velenje!*